

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

1. Stöðvunarskylda verði á Furumel við Hringbraut.
2. Stöðvunarskylda verði á Kaplaskjólsvégi og Bræðraborgarstig við Hringbraut.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. marz 1967.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 38.

21. apríl 1967.

AUGLÝSING

**um framlagningu kjörskráa við alþingiskosningar 11. júní 1967
og um styttingu fresta.**

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 19. gr. sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis er hér með ákveðið, að niður skuli falla frestur sá, sem getur í 2. mgr. 19. gr. til að auglýsa, hvar kjörskrár við alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 11. júní n. k., verði lagðar fram.

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 23. gr. laganna er ákveðið, að frestur sá, sem getur í 1. mgr. 19. gr., styttist þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 25. apríl næstkomandi. Jafnframt er ákveðið, að tími sá, sem kjörskrár skulu liggja frammi, sbr. 3. mgr. 19. gr., styttist þannig, að hann verði 3 vikur og 5 dagar.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. apríl 1967.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 39.

24. apríl 1967.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

Bifreiðastöður eru bannaðar á Njarðargötu milli Bergþórugötu og Eiríksgötu.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 24. apríl 1967.

Sigurjón Sigurðsson.